Alþingi
Erindi nr. Þ 139/998
komudagur 14.12.2010

**Fjármálaráðuneytið**
Tekju- og skattaskrifstofa

**14/12/2010/SG**

## Greinargerð með tillögu um tímabundna vaxtaniðurfærslu

Gerð er tillaga um að niðurgreiða vaxtakostnað vegna íbúðarhúsnæðis tímabundið árin 2011 og 2012 umfram það sem almennar vaxtabætur gefa tilefni til. Þessi niðurfærsla er óháð tekjum en með eignamörkum.

| | Hámark niðurfærslu | Eignaskerðing hefst | Niðurfærslu lýkur |
|---|---|---|---|
| Einhleypir | 200.000 | 10.000.000 | 20.000.000 |
| Einstæðir foreldrar | 300.000 | 15.000.000 | 30.000.000 |
| Hjón/sambýlisfólk | 300.000 | 15.000.000 | 30.000.000 |

Vaxtaniðurfærslan nemur 0,6% af skuld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Dreifing skulda eftir upphæð er að finna á þessari mynd:




Alls eru 97% með skuld sem er lægri en svo að vaxtaniðurfærslan takmarkist af skuldaupphæðinni og gildir það um báða hópana.

Eignaskerðing niðurfærslunnar hefur eftirfarandi áhrif:

| | Hjón/einstæðir foreldrar | | Einhleypir | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Niðurfærsla skerðist ekki af eignum | 6.261 | 12% | 14.813 | 68% |
| Niðurfærsla skerðist | 42.777 | 84% | 4.048 | 19% |
| Eignir of miklar | 2.034 | 4% | 2.829 | 13% |
| Alls | 51.072 | | 21.690 | |

Heildarúthlutun er sýnd á eftirfarandi mynd:




Flestir munu fá milli 50-100.000 hvorum hópnum sem þeir tilheyra. Upplýsingar um aðra félagslega þætti þessarar úthlutunar er að finna í minnisblaði um almennar vaxtabætur.

Lagt er til að heildarupphæð beggja tegunda bóta megi ekki verða hærri en heildarvaxtakostnaður. Það ákvæði snertir ekki marga.

Heildarkostnaður við þessa aðgerð er metinn 6,0 milljarðar króna.